

22. STJÓRNARFUNDUR UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

Haldinn 2. júní 2023 í þjónustumiðstöð UMFÍ.

Mætt eru: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Gunnar Gunnarsson (GG), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Guðmundur G. Sigurbergsson (GGS), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Málfríður Sigurhansdóttir (MS), Hallbera Eiríksdóttir (HE), Gissur Jónsson (GJ), Guðmunda Ólafsdóttir (GÓ), Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ og Einar Þ. Eyjólfsson (EPE) fjármálastjóri UMFÍ.

Forföll: Gunnar Þór Gestsson (GPÞ), Lárus B. Lárusson (LBL) og fulltrúi ungmennaráðs,

Formaður setti fund kl. 15:02

1. Fjármál

- Ársreikningur 2022, endurskoðendur og endurskoðunarskýrsla.
 - Sigrún Guðmundsdóttir og Sigurjón Oddsson frá BDO ehf. fóru yfir ársreikning ársins 2022 og endurskoðunarskýrslu.
 - Framkvæmdastjóra og fjármálastjóra falið að vinna úr ábendingum endurskoðenda fyrir næsta stjórnarfund.
 - Ársreikningur ársins 2022 samþykktur og undirritaður.

Iðunn Bragadóttir, bókari UMFÍ, sat fundinn undir liðum 1-3.

2. Ungmenna- og skólabúðir

- Sigurður Guðmundsson forstöðumaður ungmenna- og skólabúða UMFÍ fór yfir starfseminna fyrir skólaárið 2022 - 2023. Hann kynnti einnig fyrirhugaðar áherslubreytingar fyrir næsta skólaár. Dvalarlengd breytist þannig að í stað þess að heimferð sé á föstudagsmorgni, verður hún á fimmtudagskvöldi.
- Lögð fram tillaga að gjaldskrárbreytingum fyrir næsta skólaár, þar sem dvalargjald verður 32.000 kr. í stað 30.000 kr. Hækkunin nær ekki vísitöluhækkun milli ára. Stjórn samþykkir tillöguna samhljóða.
- Unnið er að uppfærslu handbókar skólabúðanna.

3. Kynning starfsmanna

Iðunn Bragadóttir, bókari UMFÍ, kynnti sig og sagði frá störfum sínum hjá UMFÍ.

4. Upplýsingagjöf

AIP og EPE greindu frá starfseminni frá síðasta stjórnarfundum.

5. Fundargerðir lagðar fram til kynningar

- 28. fundur framkvæmdastjórnar
- 15. fundur ungmennabúðanefndar
- 10. fundargerð sjóða- og fræðslunefndar
- 11. fundargerð sjóða- og fræðslunefndar
- 10. fundargerð fjárhags- og fasteignanefndar
- 9. fundargerð móta- og viðburðarnefndar

6. Erindi frá nefndum

Móta- og viðburðanefnd leggur til að gengið verði frá samningum við UMSB og Borgarbyggð vegna ULM 2024 og við UMFÞ og Sveitarfélagið Voga vegna Landsmóts 50+ 2024 sem allra fyrst. Nefndin leggur einnig til að auglýst verði sem fyrst eftir mótshöldurum beggja móta 2025. Stjórn samþykkir tillögur nefndarinnar.

7. Erindi frá Keflavík

Framkvæmdastjóri fór yfir svör sem borist hafa frá Sportabler varðandi erindi sem lagt var fram á síðasta stjórnarfund. Stjórn getur ekki orðið við erindinu. Framkvæmdastjóra falið að svara erindinu.

8. Staða nefndarstarfs og verkefni stjórnar

Farið yfir stöðu nefndarstarfs og verkefni stjórnar.

9. Uppgjör verkefna

- Ungmenna- og skólabúðir – Mögulegar sviðsmyndir í rekstri Ungmennabúða kynntar.
- Vorfundur 2023 – samantekt lögð fram til kynningar.

10. Þrastalundur

- Lagt fram erindi frá Sverri E. Eiríkssyni, rekstraraðila í Þrastaskógi.

Stjórn UMFÍ felur framkvæmdastjóra að annast um samskipti við V63 ehf. varðandi hugmyndir um breytingar á skipulagi á svæðinu. Stjórn leggur áherslu á að málið verði unnið í samræmi við skuldbindingar UMFÍ skv. núgildandi lóðarleigusamningi og viðaukum við þann samning.

11. Stjórnarhættir

- Lögð fram samantekt um góða stjórnarhætti frá ISCA - málinu vísað til laganefndar til samlestrar við lög UMFÍ.
- Sjálfsmat stjórnar - JSI kynnti niðurstöður könnunar sem lögð var fyrir stjórn fyrir fundinn. Framkvæmdastjórn falið að vinna úr niðurstöðunum.

12. Mótahald 2023

Rætt um aðkomu stjórnar að mótahaldi sumarsins.

Farið yfir fundargerð og hún samþykkt í lok fundar.

Fundi slitið kl. 19:18

SÓJ ritaði fundargerð